

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur vegna stækkunar hafnarsvæðis H4, með landfyllingum við Klettagarða og Skarfabakka-Kleppsbakka.

Skipulagsstofnun staðfesti 1. apríl 2019 breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 sem samþykkt var í borgarráði 7. mars 2019.

Í breytingunni felst að hafnarsvæði H4 í Sundahöfn stækkar með 2 ha landfyllingu við Skarfabakka-Kleppsbakka og 3,5 ha landfyllingu við Klettagarða. Legu stíga við landfyllingu við Klettagarða er breytt og skilgreint strandsvæði (ST) á hluta hennar, í jaðri við opið svæði í Laugarnesi.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 1. apríl 2019.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.